

REGLUGERÐ

um bann við innflutningi og notkun asbests.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Innflutningur og notkun asbests er bönnuð með þeim undantekningum, er greinir í 2. og 3. gr.

Með asbesti er átt við þráðlaga, kristölluð sílíkatsambönd: Krýsótíl (hvítt asbest), krókídólít (blátt asbest), amósít (brúnt asbest), antófyllít, tremólít og aktínólít. Fyrir efni og vörur, er hafa asbest að geyma sem óhreinindi, gildir bann þetta eingöngu, ef styrkt asbests er 1% eða meira, nema annað sé ákveðið.

2. gr.

Innflutningur og notkun.

Vinnueftirlit ríkisins getur að höfðu samráði við eiturefnanefnd veitt undanþágur frá ákvæðum 1. málsg. 1. gr. um bann við innflutningi og notkun á asbesti og vörum úr asbesti. Slíkan innflutning og notkun skal takmarka við það notagildi eitt, að önnur efni komi ekki með góðu móti í stað asbests.

Skal í hverju veittu leyfi til innflutnings samkvæmt 1. málsg. taka fram til hverra nota varningurinn er ætlaður og er óheimilt að nota hann til annars.

Rísi upp ágreiningur milli Vinnueftirlits ríkisins og eiturefnanefndar um veitingu undanþágu skv. 1. mgr. sker heilbrigðismálaráðherra úr.

Um notkun, vinnslu og meðferð asbests á vinnustöðum fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Vinnueftirlit ríkisins tilkynnir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um þær undanþágur, sem veittar eru samkvæmt ákvæðum 1. málsg.

3. gr.

Hreinsun og förgun.

Asbestmengað loft skal hreinsa áður en því er blásið út í andrúmsloftið með þar til gerðum búnaði, sem Hollustuvernd ríkisins viðurkennir.

Eigi má farga asbesti nema að fengnu leyfi Vinnueftirlits ríkisins sem hefur um slíkt samráð við Hollustuvernd ríkisins og eiturefnanefnd og ennfremur Siglingamálastofnun ríkisins, ef um förgun í sjó er að ræða.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 16. og 24. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni og lögum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað snertir afskipti Vinnueftirlits ríkisins, öðlast gildi 1. september 1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.